

128. löggjafarþing 2002–2003.
Þskj. 404 — 364. mál.

Fyrirspurn

til fjármálaráðherra um ummæli um evrópskan vinnumarkað.

Frá Ögmundi Jónassyni.

Hvaða hugmyndir liggja að baki ummælum ráðherra á nýafstöðnum fundi fjárhagsnefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Alþjóðabankans sem skilja má svo að nauðsynlegt sé að draga úr ósveigjanleika á evrópskum vinnumarkaði?